

Ísafjarðarbær

b.t. Ólafar Guðnýjar Valdimarsdóttur

Stjórnsýsluhúsinu

400 Ísafirði



2012-06-0005

Ísafjörður, 17. Júlí 2015.

Skipulag á Dagverðardal – Athugasemdir

Við eigendur Dagverðardals 3, Kristín Jónsdóttir og Björn M. Egilsson mótmælum nýframkvæmdum á Dagverðardal sem eru þvert á væntingar um samráð og almenna kurteisi við íbúa sumarhúsa á Dagverðardal af hálfu Ísafjarðarbæjar.

Í framhaldi af bréfi sem við meðal annarra sendum Ísafjarðarbæ þann 20. ágúst 2010 og höfum ekki fengið nein viðbrögð við fyrr en nú þar sem við erum spurð álits á byggingu sem risin er á miðjum vegi í sumarhúsahverfi Dagverðardals þá verður okkur frekar orðavant.

Bendum þó á að bygging þessi er í engu samræmi við lágreista sumarhúsa byggð svæðisins og því algjört stílbrot hvað varðar hæð og staðsetningu.

Vaðið hefur verið í framkvæmdir og grafinn í sundur akvegur og færður til af húsbyggjanda sem er vítavert ásamt lélegum ómerktum frágangi á vegi sem orðin er að vegslóða.

Fyrirhuguð færsla á vegi hugnast okkur ekki þar sem sú færsla byði uppá mikla snjósöfnun og erfiðari aðkomu að bústað okkar að vetri og því skerta notkun fyrir okkur.

Spurning er um notkun á þessu nýja húsi sem ætlað er til útleigu og tekjuöflunar fyrir félagið sem byggir, á svona atvinnustarfsemi við í þessu sumarhúsa hverfi yfirleitt?

Við viljum mótmæla þessum vinnubrögðum og framkvæmdinni allri og óskum eftir að vegurinn verði færður til fyrra horfs og vegsummerki þessarar nýbyggingar fjarlægðar enda hafi þetta allt gert í algjöru leyfisleysi og í fullkominni óþökk sumarhúsaeigenda.

Eins og bent var á í bréfi til Ísafjarðarbæjar þann 20. ágúst 2010 að þá höfðum við áhyggjur af skertu útsýni, aukinni umferð ásamt því að þetta rýrir mögulega verðgildi núverandi eigna okkar og því spurning hvort Ísafjarðarbær hafi skapað sér skaðabótaskyldu með framgangi sýnum á svæðinu.

Virðingarfyllst


Kristín Jónsdóttir


Björn M. Egilsson

Meðfylgjandi afrit: Bréf 20. ágúst 2010

16 JULI 2015

Málsnr. 2015-06-0012
Frumrit - skilist til skjalasafns

AFRIT

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar c/o bæjarverkfræðingur
Stjórnsýsluhúsinu
400 Ísafjörður

Ísafjörður, 20. ágúst 2010

Athugasemdir núverandi sumarhúsaeigenda í Dagverðardal við deiliskipulag Ísafjarðarbæjar vegna Dagverðardals.

Með framtíðarhagsmuni undirritaðra fólgu við þess á leit við bæjaryfirvöld að taka til gteunderskoðunar deiliskipulag Dagverðardals.

1. Staðsetning íbúðalóða við sumarhúsabyggð, neðan Vegagerðar.

Gert er ráð fyrir 12 einbýlishúsalóðum á milli sumarhúsanna Dagverðardalur 5 og Dagverðardalur 6. Við teljum ekki æskilegt að staðsetja íbúðalóðir ofan í sumarhúsabyggð vegna þess að;

1. umferð eykst;
2. útsýni skerðist;
3. rýrir mögulega verðgildi núverandi sumarhúsa á svæðinu.

2. Staðsetning tilvonandi lóða 1, 3 og 6 við A götu á uppdrætti.

Gert er ráð fyrir 3 lóðum við núverandi sumarhúsabyggð, Dagverðardalur 3, 4 og 5. Við teljum ekki æskilegt að raska þeirri byggð sem staðið hefur síðan í kringum 1930, vegna þess að;

1. með tilkomu lóðar 6 við A götu mun sá byggingareitur skyggja verulega á útsýni Dagverðardals 5. Auk þess sem Dagverðardalur 4 stendur á lóðarmörkum nýrrar lóðar 6;
2. með tilkomu lóða 1 og 3 við A götu munu byggingareitirnir skyggja verulega á útsýni Dagverðardals 3, 4 og 5;
3. tilkoma þessara lóða og gatnagerð tengd þeim mun hafa í för með sér verulegt jarðrask.

Núverandi byggð í Dagverðardal samanstendur af fáum og frekar litlum sumarhúsum sem notið hafa fágætra kosta hvað varða nánd við byggðina Ísafjörð, mikils fuglalífs, einstakrar náttúru, kyrrðar og útsýnis. Óskum við þess vegna eftir að deiliskipulagið verði endurskoðað með það að markmiði að halda í sérstöðu dalsins og raska ekki útsýni húsa sem fyrir eru og ekki blanda íbúðabyggð við sumarhúsabyggð, neðan Vegagerðar.

Virðingarfyllst,

sumarhúsaeigendur.

AFRIT